

Helstu álitæfni um Icesave

1. Um hvað fjallar málið?

Mál þetta varðar skyldu Íslands til að tryggja greiðslu lágmarkstryggingar til hollenskra og breskra innstæðueigenda sem glötuðu sparnaði sínum á Icesave reikningum þegar íslensku bankarnir féllu í október 2008.

Í framhaldi af falli Landsbankans í október 2008 misstu viðskiptavinir hollensku og bresku útibúa bankans (sem var markaðssett undir heitinu „Icesave“) aðgang að innstæðum sínum og í raun glötuðu þeir innstæðunum. Í slíkum tilvikum krefst tilskipun um innstæðutryggingar þess að ríkið, sem ábyrgt er fyrir bankastofnun (í þessu tilviki Ísland), tryggi innstæður hvers innstæðueigenda að lágmarki 20.000 evrur.

Rúmlega þremur árum eftir hrun Landsbankans hefur Ísland ekki enn uppfyllt skyldur sínar samkvæmt tilskipuninni. Því hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vísað málinu til EFTA dómstólsins.

2. Af hverju bíður ESA ekki með málið þar sem líkur eru á að allar kröfur verði greiddar úr þrotabúi Landsbankans?

Íslandi bar skylda til að tryggja greiðslur til allra innstæðueigenda, sem glötuðu innstæðum sínum, fyrir 23. október 2009 í síðasta lagi. Það sem ESA telur hér skipta mestu er að Ísland hefur ekki enn uppfyllt þessar skyldur sínar.

Samkvæmt áætlunum frá íslenskum stjórnvöldum mun þrotabúi Landsbankans ekki ljúka við að greiða hollenskar og breskar kröfur að fullu fyrr en í lok ársins 2013. Sú staðreynd að umræddar kröfur verða ekki að fullu greiddar fyrr en svo löngu eftir fall Landsbankans undirstrikar mikilvægi þess að fara að ákvæðum tilskipunarinnar um innstæðutryggingar og forða innstæðueigendum frá því að þurfa að á að fá greitt úr þrotabúinu og bíða eftir þeim greiðslum.

3. Hver er krafa ESA í málinu fyrir EFTA dómstólnum?

Það er álit ESA að Ísland uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum með því að tryggja ekki greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í hollenskum og breskum útibúum Landsbankans eins og gert er ráð fyrir í tilskipuninni um innstæðutryggingar.

ESA heldur því einnig fram að Ísland hafi brotið gegn meginreglunni um bann við mismunun með því að veita ekki innstæðueigendum í erlendum útibúum þá vernd sem krafist er í tilskipuninni á meðan það tryggði allar innstæður í innlendum útibúum.

4. Hver eru skilyrði tilskipunarinnar um innstæðutryggingar?

Tilskipunin krefst þess að öll ríki – þar með talin EFTA ríkin (Ísland, Liechtenstein og Noregur) – setji á stofn kerfi til að tryggja að innstæðueigendur fái lágmarksgreiðslu glati

þeir aðgangi að innstæðum sínum við gjaldþrot banka. Í þessu tiltekna tilviki er lágmarksgreiðslan 20.000 evrur fyrir hvern innstæðueiganda.

Tilskipun um innstæðutryggingar leitast við að auka tiltrú neytenda/innstæðueiganda á bankakerfinu ef bankastofnanir verða gjaldþrota. Megintilgangur tilskipunarinnar er að koma í veg fyrir „áhlaup“ á banka ef að innstæðueigendur halda að þeir gætu tapað innstæðum sínum.

Bankakerfið byggir á trausti og tiltrú neytenda og tilskipunin um innstæðutryggingar hefur mikilvægu hlutverki að gegna í því sambandi.

5. Innstæðueigendurnir áttu bankareikninga í Hollandi og Bretlandi. Af hverju ætti Ísland að bera ábyrgð á þeim?

Af því tilskipunin kveður skýrt á um slíka ábyrgð.

Tilskipunin greinir á milli innstæðueigenda í útibúum og innstæðueigenda í dótturfyrirtækjum.

Ef að banki frá ríki A opnar *dótturfélag* í ríki B þá eru innstæðurnar í dótturfélaginu tryggðar af innstæðutryggingakerfinu í ríki B, *gistiríkinu*. Þá hefur fjármálaeftirlit gistiríkisins eftirlit með dótturfélaginu sem verður að hlíta löggjöf gistiríkisins um bankastofnanir.

Ef að banki opnar *útibú* í öðru ríki en heimaríki sínu þá eru innstæðurnar í því ríki tryggðar af innstæðutryggingakerfinu í heimaríki bankans. Það er einnig fjármálaeftirlit heimaríkisins sem er að meginstefnu ábyrgt fyrir eftirliti með þessum útibúum.

Í þessu tilviki þá opnaði Landsbankinn *útibú*, ekki dótturfélög, í Hollandi og Bretlandi. Þar af leiðandi voru íslensk yfirvöld ábyrg fyrir eftirliti með þessum útibúum sem og að tryggja greiðslu samkvæmt tilskipuninni.

6. Af hverju er ESA aðili að málinu?

ESA hefur það hlutverk að tryggja að að Ísland, Noregur og Liechtenstein uppfylli skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum. Tilskipun um innstæðutryggingar hefur verið hluti af þeim samningi síðan 19. október 1994.

7. Gildir tilskipunin við svona óvenjulegar aðstæður?

Já.

Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að tilskipunin gildi ekki vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem voru ríkjandi þegar bankarnir féllu í október 2008.

Í tilvikum þegar bankar falla eru aðstæður hins vegar í eðli sínu óvenjulegar. Tilskipunin er hönnuð til að vernda innstæðueigendur þegar bankar falla. Tilgangur hennar er að takast á við óvenjulegar aðstæður.

Þá hefur Evrópudómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að tilskipanir, eins og sú um innstæðutryggingar, gildi áfram þó að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi.

Að lokum ber að nefna að tilskipunin kveður á um að ”við afar óvenjulegar aðstæður og í sérstökum tilvikum”, megi fresta greiðslu lágmarkstryggingar að upphæð 20.000 evrur um eitt ár. Ísland beitti þessu ákvæði og framlengdi frestinn til greiðslu til 23. október 2009. En nú, rúmlega þremur árum eftir að bankarnir féllu, hefur Ísland ekki enn tryggt greiðslu til allra innstæðueigenda.

8. Véfengir ESA innleiðingu Íslands á tilskipuninni?

Innleiðing tilskipunarinnar er ekki til umfjöllunar í þessu máli en Ísland innleiddi tilskipunina með lögum nr. 98/1999. Ríki uppfyllir hins vegar aðeins hluta skyldu sinnar með því að innleiða tilskipun í landsrétt. Einnig þarf að tryggja að ákvæði tilskipunar séu virk í reynd. Um það snýst málið.

9. Hver hefur verið ferill málsins fram að því að ESA leggur málið fyrir EFTA dómstólinn?

Samkvæmt tilskipuninni átti íslenski innstæðutryggingasjóðurinn að greiða innstæðueigendum í síðasta lagi þann 23. október 2009.

ESA sendi Íslandi áminningabréf í maí 2010 sem var fyrsta formlega skrefið í málsmeðferðinni hjá ESA. Tilgangur bréfsins var að gera grein fyrir afstöðu ESA í málinu og að gefa íslenskum stjórnvöldum tækifæri á að setja fram sínar athugasemdir.

Eftir að bréfið var sent tilkynntu íslensk stjórnvöld ESA að Ísland væri í samningaviðræðum við hollensk og bresk stjórnvöld vegna málsins.

Eftir að hafa farið vandlega yfir svör Íslands við áminningarbréfinu var ESA enn ósammála íslenskum stjórnvöldum og sendi rökstutt álit til Íslands þann 10. júní 2011. Tilgangur rökstudda álitsins var að gefa Íslandi tækifæri til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt tilskipuninni.

Fresturinn til að fara að rökstuddu álitu ESA er nú liðinn og þau rök sem íslensk stjórnvöld setja fram gegn álitinu hafa ekki breytt afstöðu ESA. Ísland brýtur enn gegn tilskipuninni og jafnræðisreglu EES-samningsins. Þar af leiðandi hefur ESA ákveðið að leggja málið fyrir EFTA dómstólinn.

10. Hvert er næsta stig?

Með því að vísa málinu til EFTA dómstólsins hefur ESA hafið meðferð dómsmáls þar sem Íslandi gefst tækifæri á að færa rök fyrir máli sínu fyrir EFTA dómstólnum.

Málsaðilar munu skiptast á skriflegum málflutningsskjölum og færa rök fyrir máli sínu í munnlegum málflutningi. Þegar að meðferð dómsmálsins er lokið mun EFTA dómstóllinn kveða upp dóm um það, hvort Ísland hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt EES samningum eða ekki.

11. Hversu langan tíma tekur málsmeðferð fyrir EFTA dómstólnum?

Erfitt er að spá fyrir um lengd málsmeðferðar. Í samningsbrotamálum sem þessu hefur EFTA dómstóllinn jafnan kveðið upp dóm á innan við ári frá því að málið er lagt fyrir hann.

12. Hverjar verða afleiðingar dóms EFTA dómstólsins?

Ef EFTA dómstóllinn felst á rök ESA og kemst að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi gerst brotlegt við EES-rétt þá verður Ísland að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að niðurstöðu dómsins eins fljótt og auðið er.